

2. gr.

Þegar um er að ræða í fræðsluráði málefni, sem varðar sérstaklega eitt eða fleiri sveitarfélög í fræðsluumdæminu, skal boða til fundarins fulltrúa þess eða þeirra sveitarfélaga.

Á sama hátt skal boða skólastjóra einstakra grunnskóla þegar til umræðu eru mál, er sérstaklega varða skóla þeirra. Þá skulu starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu hafa sama rétt til fundarsetu í fræðsluráði og skólastjórar, þegar rætt er um ráðgjöf, sálfræðipjónustu eða skyld mál.

Fulltrúar þessir hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum fræðsluráðs.

3. gr.

Stjórn heildarsamtaka kennara á grunnskólastigi í fræðsluumdæmi tilnefnir úr hópi settra og skipaðra kennara og skólastjóra við grunnskóla umdæmisins þrjá aðalfulltrúa kennara til starfa með fræðsluráði og jafnmarga varamenn.

Gildistíma tilnefningar þeirra lýkur samtímis kjörtímabili fræðsluráðsmanna.

Þar sem ekki eru starfandi heildarsamtök kennara á grunnskólastigi í fræðsluumdæmi tilnefna landshlutasamtök kennara (Samband íslenskra barnakennara, Landsamband framhaldsskólakennara og Félag háskólamenntaðra kennara) sinn fulltrúann hvert og annan til vara úr hópi kennara og skólastjóra fræðsluumdæmisins til þessara starfa.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda og iðgjöld til sjóðsins.

1. gr.

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði bænda skulu vera, með þeim undantekningum, sem nefndar eru í 2. málsgr., allir bændur á lögbýlum, sem þar eiga lögheimili og náð hafa 20 ára aldri fyrir lok næsta almanaksárs á undan, þar með taldir aðilar að félagsbúum. Séu hjón bæði talin bændur, skal aðeins annað þeirra talið sjóðfélagi, og sama á við um sambúðarfólk. Berist sjóðnum ekki tilkynning um, hvernig aðild skuli háttað, eða séu hlutaðeigendur ekki sammála um það atriði, sker sjóðstjórn úr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum, sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum, enda hafi þeir meiri hluta atvinnutekna sinna af búvöruframléiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðum um lögbýli, ef um er að ræða verulegan búrekstur, sem hlutaðeigandi hefur meiri hluta tekna sinna af. Þá er stjórninni heimilt að veita undanþágu frá þátttöku þeim bændum, sem eru sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum og hafa meiri hluta atvinnutekna sinna af öðru en búvöruframléiðslu.

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn á lögbýlum, sem ráðnir eru til eins árs eða lengur, enda komi beiðni um slíkt frá hlutaðeigandi vinnuveitanda.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

2. gr.

Við ákvörðun um, hverjir skuli teljast bændur á lögbýlum, skal að jafnaði farið eftir ábúendaskrá Landnáms ríkisins.

Nú færir maður rök að því, að ekki sé um rétta eða fullnægjandi skráningu að ræða hjá Landnámi ríkisins á atriðum, er máli skipta í sambandi við réttindi hans eða skyldur, og skal þá stjórn sjóðsins úrskurða um aðild hans að sjóðnum með hliðsjón af skattframtölum, landbúnaðarskýrslum og öðrum gögnum, er máli geta skipt. Á sama hátt skal stjórnin taka skráningu til athugunar og úrskurðar, ef gögnum ber ekki saman eða hún telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla skráningu ófullnægjandi eða ranga.

Stjórnin tekur ákvörðun um, hvort breytt skráning skuli gilda um liðinn iðgjalda-greiðslutíma. Þó skal ekki reikna iðgjöld aftur í tímann gegn vilja þess, sem hlut á að máli, nema líklegt megi teljast, að hann hafi haft vitneskju um málavexti. Reikna skal vexti af vangreiddum iðgjöldum samkvæmt ákvæðum 1. málsg. 6. gr., og bið-tími sá, sem tilgreindur er í 10., 11. og 12. gr. laga nr. 101 1970, skal reiknaður frá þeim tíma, er stjórnin tók skráningu til athugunar.

Skylt er félagsbúi að senda lífeyrissjóðnum tilkynningu um, hverjir séu aðilar að búinu og hvernig tekjum þess sé skipt milli þeirra. Á sama hátt skulu allar breyt-ingar í þessu efni tilkynntar sjóðnum jafnóðum og þær eiga sér stað. Sjóðstjórnin ákveður, hvort leiðrétting á skiptingu iðgjalda skuli gerð fyrir liðinn iðgjaldagreiðslu-tíma, ef tilkynning hefur verið vanrækt.

3. gr.

Iðgjöld bænda, sem eru sjóðfélagar, skulu innheimt af búvöruverði, þar með töldum gjöldum til sjóða og kostnaði, er sölufélög greiða vegna framleiðenda, sem tiltekinn hundraðshluti þess. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn fyrirfram fyrir hvert almanaksár, þannig að hann samsvari 4% af grundvallarlaunum, sbr. 8. gr. laga nr. 101 1970 um Lífeyrissjóð bænda, í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan. Hundraðshlutinn skal reiknaður með tveimur aukastöfum, og skal gjald þetta dregið frá búvöruverði til sjóðfélaga á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 38 1945.

Bændur, sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð, sbr. 21. gr. laga nr. 101 1970, skulu ekki greiða hærra iðgjald en sem svarar 4% iðgjaldi af hálfum öðrum grund-vallarlaunum samkvæmt 8. gr. laganna, en aðrir bændur skulu greiða iðgjald allt að grundvallarlaunum. Hámark þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. málsg. skal leggja gjald á allar bú-vörur, og skal gjald þetta vera ákveðinn hundraðshluti ár hvert þannig, að hann sam-svari 6% framlagi af reiknuðum heildarlaunum allra bænda, er þeim ber að greiða iðgjöld af samkvæmt 1. og 2. málsg. Ráðherra ákveður hundraðshlutann að fengnum tillögum sjóðstjórnar fyrirfram fyrir hvert almanaksár. Nú kemur í ljós við reiknings-uppgjör, að heildarfjárhæð framlags samkvæmt þessari málsg. er ekki í réttu hlut-falli við heildarfjárhæð iðgjalda samkvæmt 1. málsg., og skal þá taka tillit til mis-munarins við næstu ákvörðun gjaldsins, enda nemi hann a. m. k. 5%.

Stjórn sjóðsins skal eigi síðar en 15. desember ár hvert birta auglýsingu um þá hundraðshluta búvöruverðs, sem nefndir eru í 1. og 3. málsg. og gilda eiga eftir-farandi almanaksár.

4. gr.

Nú hefur bóndi atvinnutekjur af öðru en búvöruframleiðslu og greiðir ekki af þeim iðgjöld til lífeyrissjóðs, og skal honum þá heimilt að greiða af slíkum tekjum iðgjöld til Lífeyrissjóðs bænda, en ekki mega þó heildariðgjaldagreiðslur fara fram úr mörkum þeim, sem tilgreind eru í 2. málsg. 3. gr. Iðgjöld skulu vera 10%

af tryggðum tekjum, og teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda. Heimilt er stjórn sjóðsins að veita með sama hætti viðtöku iðgjöldum frá maka sjóðfélaga, enda sé um að ræða iðgjöld af stopulli vinnu og svo stutt tímabil, að ekki verði talið, að um sjálfstæð réttindi í öðrum lífeyrissjóði gæti orðið að ræða.

Iðgjöld af launþegum, sem eru sjóðfélagar samkvæmt 3. málsgr. 1. gr. skulu vera 10% af umsömdum föstum launum með þeim takmörkunum, sem nefndar eru í 2. málsgr. 3. gr. Teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda. Séu laun greidd í fóðrum, fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, skulu þau reiknuð til peningaverðs eftir samkomulagi launþega og vinnuveitanda innan marka, sem sjóðstjórn kann að ákveða.

5. gr.

Þeir aðilar, sem taka búvörur bænda til sölumeðferðar, svo sem mjólkurbú, sláturhús og verslanir, skulu innheimta iðgjöld samkvæmt 1. málsgr. 3. gr. eftir fyrirmælum sjóðstjórnar. Sama gildir um framlög samkvæmt 3. málsgr. 3. gr., nema ráðherra ákveði að greiða þau úr ríkissjóði í sambandi við niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum. Heimilt er söluaðila að innheimta iðgjöld jafnóðum og greiðslur til bænda fara fram, en skil til sjóðsins skulu við það miðuð, að innheimta eigi sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Skal gjalddagi fyrri ársheimings vera 1. ágúst, en gjalddagi síðari ársheimings 1. mars næsta ár. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, að gjalddagi skuli einungis vera einn á ári fyrir afurðir, sem aðallega eru lagðar inn til söluaðila síðari hluta árs. Séu skil eigi gerð innan 30 daga frá gjalddaga, skal reikna dráttarvexti frá gjalddaga, jafnháa hæstu útlánsvöxtum banka. Skilagrein fyrir síðari ársheiming skal fylgja sundurliðun á iðgjöldum ársins eftir nöfnum og nafnnumurum iðggjaldsgreiðenda. Enn fremur skal tilgreina heimilisfang, ef sjóðstjórn óskar þess. Hafi skilagrein ekki borist að nefndum fresti liðnum, er stjórn sjóðsins heimilt auk dráttarvaxta að beita dagsektum fyrir hvern dag frá því, er ábyrgðarbréf um dagsektir berast söluaðila, til þess tíma, er skilagrein berst sjóðstjórn.

Með búvöruframléiðslu bónda reiknast einnig búvörur, sem lagðar eru inn á nafn maka hans, sambýliskonu eða sambýlismanns, sbr. 21. gr. laga nr. 101 1970. Heimilt er söluaðila í samráði við sjóðstjórn að takmarka innheimtu iðggjalds vegna hvers einstaks bónda við fjárhæð sem svarar hámarksíðggjaldi því, sem kvæntum manni ber að greiða samkvæmt 2. málsgr. 3. gr.

Bændur skulu standa skil á iðgjöldum og framlögum samkvæmt 4. gr., og sama gildir um iðgjöld og framlög samkvæmt 1. og 3. málsgr. 3. gr., ef sala á sér stað beint til neytenda. Gilda ákvæði 1. málsgr. um gjalddaga og dráttarvexti um þessar greiðslur.

Nú berast ekki iðgjöld af launþega samkvæmt 2. málsgr. 4. gr. innan þriggja mánaða frá gjalddaga, og skal hann þá talinn hættur iðggjaldagreiðslum til sjóðsins. Iðgjöld, sem ekki er skilað til sjóðsins, veita sjóðfélaga ekki lífeyrisréttindi.

Heimilt er stjórn sjóðsins að semja við Framleiðsluráð landbúnaðarins um, að það annist innheimtu fyrir sjóðinn hjá söluaðilum og öðrum, sem gera eiga skil við hann á iðgjöldum og framlögum samkvæmt þessari grein.

Við gjaldþrotaskipti hjá innheimtuaðila skulu kröfur samkvæmt 1. málsgr. njóta sama forgangsréttar og launakröfur, enda hafi fénu ekki verið haldið aðskildu frá öðrum fjármunum gjaldþrota.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til loka þess almanaksárs, er hann nær 69 ára aldri.

6. gr.

Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna manna, sem ekki eru sjóðfélagar, og sjóðfélaga, sem hafið hafa töku ellilífeyris eða náð 70 ára aldri, skal hann endur-

greiða þann hluta, sem sjóðfélaginn hefur sjálfur greitt, enda komi krafa þar um innan þriggja ára frá lokum iðgjaldgreiðsluárs. Telji sjóðstjórn endurgreiðslurétt ótvíræðan og upplýsingar um móttakanda fullnægjandi, skal hún sjá um endurgreiðslu, annað hvort til söluaðila eða beint til iðgjaldgreiðanda, án þess, að krafa sé gerð. Þá skulu iðgjöld, sem innheimt eru umfram þau mörk, sem tilgreind eru í 2. málsg. 3. gr., endurgreidd eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 24. gr. laga nr. 101 1970, um Lífeyrissjóð bænda og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 214 1971 um sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda og iðgjöld til sjóðsins.

Fjármálaráðuneytið, 10. desember 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

10. desember 1975.

Nr. 516.

REGLUGERÐ

um eftirlaun samkvæmt II. kafla laga nr. 101 1970, um Lífeyrissjóð bænda.

1. gr.

Eftirlaun skiptast í ellilífeyri og makalífeyri.

Þeim, sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr, hafa verið bændur á lögbylum og átt þar lögheimili, skal tryggður ellilífeyrir í samræmi við ákvæði 4. gr., enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

- Hafi náð 70 ára aldri.
- Hafi látið af búskap. Bóndi, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á ellilífeyri án tillits til, hvort hann hefur látið af búskap eða ekki.
- Eigi að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma, sbr. 4. málsg. Vanti mann, sem látið hefur af búskap á árunum 1964—1969, brot úr ári til að ná fullum 10 árum, veldur það þó ekki réttindamissi, ef hann hefur látið af búskap á tímabilinu frá fardögum til ársloka og hefði með búskap til loka þess árs náð fullum 10 árum.

Nú andast maður, sem öðlast hafði rétt til ellilífeyris samkvæmt 2. málsg. eða var að ávinna sér slíkan rétt og hefði getað uppfyllt skilyrði c.liðar 2. málsg. með áframhaldandi réttindavinnslu, og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt til makalífeyris samkvæmt 4. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1964 og áunnið sér a. m. k. 5 ára réttindi, sbr. 4. málsg., og fullnægt sé skilyrðum 1. málsg. 11. gr. laga nr. 101 1970, um Lífeyrissjóð bænda um aldur og hjúskapartíma. Sambúð, sbr. 3. málsg. 11. gr. laganna, veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi skilyrðum 21. gr. um tilkynningu til sjóðsins verið fullnægt. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita systur bónda, sem annast hefur heimili hans, hliðstæðan lífeyri að honum látnum, enda hafi bæði verið ógift, sbr. 3. málsg. 11. gr. laganna og 2. málsg. bráðabirgða-ákvæða laga nr. 67 1974.

Til réttindatíma skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbyli og átt þar lögheimili. Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir, að þeim aldri er náð. Réttindatími reiknast í heilum mánuðum, en aldrei skal hann þó reiknast lengri en 20 ár.